

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um framkvæmd aðgerðaáætlunar
til að fækka sjálfsvígum.

Frá Söru Elísu Þórðardóttur.

1. Stendur til að fjármagna tilraunaverkefni um rekstur lágþröskuldarúrræðis fyrir ungt fólk, sbr. undirmarkmið B í 2. kafla aðgerðaáætlunar til að fækka sjálfsvígum frá apríl 2018, þannig að það verði langtímaúrræði?
2. Hvenær stendur til að koma á fót þekkingar- og þróunarmiðstöð áfalla-, ofbeldis- og sjálfsvígsforvarna, sbr. undirmarkmið A í 6. kafla aðgerðaáætlunarinnar, en samkvæmt svari ráðherra á þskj. 536 á yfirstandandi þingi er sú aðgerð í biðstöðu? Er stofnun slíkrar miðstöðvar tryggð í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar?
3. Hvenær stendur til að ráðherra setji reglugerðir um ítarlegri skráningu vegna sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna og um framkvæmd rótargreininga, sbr. undirmarkmið B í 6. kafla? Er gert ráð fyrir fjármögnun þessara aðgerða, sem reglugerðirnar eiga að kveða á um, í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar?

Skriflegt svar óskast.